

**Sp.**

**23. Tillaga til þingsályktunar**

[23. mál]

um rannsókn á hagnýtingu íslenskra farskipaflotans.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta í samráði við skipafélögin fram fara nákvæma athugun á hagnýtingu íslenskra farskipaflotans í millilanda- og strandferðasiglingum með það fyrir augum, að komið verði hjá, svo sem frekast er unnt, að leigja erlend skip til vöruflutninga og að lestarrúm hinna íslensku skipa sé notað á sem bestan hátt.

Leiði rannsókn þessi í ljós, að bæta megi til muna hagnýtingu íslenskra farskipaflotans, þá skorar Alþingi enn fremur á ríkisstjórnina að beita sér fyrir, að komið verði á fastri skipan þeirra mála, enda beri skipafélögin kostnað af slíkri starfsemi.

**Greinargerð.**

Tillaga þessi til þingsályktunar var flutt á Alþingi s. l. vetur, en náði þá ekki fram að ganga. Tillögunni fylgdi þá svofelld greinargerð:

„Íslenskra skipastólnum hafa á undanförunum árum bætzt mörg og glæsileg skip. Sérstaklega hefur þó borið á hinni stórfelldu aukningu íslenskra farskipaflotans. Almennungi kemur því einkennilega fyrir sjónir, að eyða þurfi árlega stórum fjárhæðum í erlendum gjaldeyri vegna leigutöku erlendra flutningaskipa með vörur að og frá landinu. Á s. l. ári voru t. d. yfirfærðar af bönkum rúmar 28 millj. íslenskra króna í frjálsum gjaldeyri vegna slíkra leiguskipa. Þar með er þó ekki talin leiga rússnesks olíuskipa, sem á árinu var einnig í förum.

Þessi gjaldeyrisyfifærsla verður þó enn meiri ráðgáta, þegar jafnframt er vitað um, að íslensku skipin sigla oft að og frá landinu lítið lestuð og hálflestuð eða stundum einungis með grjót og mold í kjölfestu, eða þau þurfa á undraverðan fjölda hafna til þess að fá fullfermi, þegar svo vel blæs. Þetta gerist, þótt vitað sé, að stórum meiri birgðir liggi fyrir á hverjum stað en teknar eru.

Hvað strandferðasiglingum við kemur, þá mun þar sömu söguna að segja, þótt erlendra leiguskipa gæti þar tiltölulega lítið. Þess munu dæmi, að tvö eða jafnvel þrjú farskip hafi á sama sólarhring viðkomu á sömu höfn til þess að ferma eða afferma allt niður í nokkur hundruð kíló varnings. Slíkt fyrirkomulag verður vægast sagt ekki talið „góð nýting“ hins glæsilega flota, og virðist full ástæða til þess, að fram fari ýtarleg endurskoðun þessara mála, ef verða mætti til betra skipulags og aukinnar hagnýtingar, án þess að dregið væri úr sem fullkomnastrí þjónustu.

Íslenskra ríkið og þar með þjóðin sem heild hefur of mikið á sig lagt til endurnýjunar hins glæsilega skipastóls, til þess að algert hirðuleysi megi ríkja um nýtingu hans.“